

Lindarfiskur ehf.
Sigtúni 6
870 Vík

Reykjavík, 14. júní 2021
UST202003-271/H.S.J.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt dags. 18. janúar sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki sem skráð voru í eftirliti þann 1. desember 2020. Þrjú frávik frá starfsleyfi voru skráð í eftirlitinu en tveimur var lokað í framangreindu bréfi. Þann 4. febrúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila og þann 3. maí sl. barst uppfærð úrbótaáætlun sbr. kröfur eftirlitsaðila.

Frávikið var eftirfarandi:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda skráningar og skulu skráningarnar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Skráningar eru ekki á magni, gerð og meðhöndlun úrgangs. Skráningar á losun næringarefna eru ekki til staðar fyrir árin 2018 og 2019. **Skv. uppfærðri úrbótaáætlun mun rekstraraðili skrá lítrafjölda meltu sem fer í áburð og hefur uppfært skráningar afturvirkkt fyrir árið 2020 með námundun á magni sem fór í svínafóður. Frá 1. janúar 2021 eru afföll fisks sem fer í svínafóður skráð með sláturtölum. Rekstraraðili áætla einnig að hefja skráningar á fjölda fóðursekkja, og annars úrgangs sem fellur til. Útreikningar á losun næringarefna í kg hafa verið færðar í grænt bókhald. Stofnunin bendir á að losunarmörk í gr. 3.4 eru í kg fosfór/framleitt tonn og einnig þarf því framvegis að skila losunartölum á því formi.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur